

Vorfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna, haldinn 7. og 8. maí 2015 að Smáratúni í Fljótshlíð.

Heiðrún Dóra Eyvindardóttir formaður SFA setti fund kl. 9:00. Þórdís Friðbjörnsdóttir var skipuð fundarstjóri fyrir hádegi og Stefanía Gunnarsdóttir fundarritari.

Samrekstur bókasafna og upplýsingamiðstöðva: Heiðrún Dóra Eyvindardóttir segir frá reynslu sinni í Árborg. Laufey Eiríksdóttir segir frá reynslu sinni á Dalvík.

Heiðrún byrjaði en hún er mjög hlynnt upplýsingamiðstöðvum á bókasöfnun. Sú þjónusta er reyndar nýhætt í hennar safni. Heiðrún taldi túristana vera „vorboðann ljúfa“. Á meðan upplýsingamiðstöðin var í Bókasafni Árborgar var byrjað á því að gefa út kort um svæðið. Lögð var áhersla á að allir starfsmenn þyrftu að geta svarað fyrirspurnum. Í dag hefur nýtt fólk verið ráðið í upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn sem er staðsett á Hótel Selfossi. Dýrari rekstur að sögn Heiðrúnar, en hægt er að bjóða upp á sveiganlegri opnunartíma. Hún talaði um að fólkið á safninu sjái eftir þessari þjónustu þrátt fyrir tímasparnaðinn sem varð eftir að þjónustan var flutt í burtu. Safnið hafði alltaf fengið stöðugildi með þjónustunni, en það skiptir öllu máli. Heiðrún Dóra ítrekar að samrekstur bókasafna og upplýsingamiðstöðva fari vel saman, sérstaklega úti á landi.

Laufey Eiríksdóttir frá bókasafninu á Dalvík talaði næst. Hún er sammála kollega sínum og telur að söfn séu upplýsingamiðstöðar. Árið 2014 var ákveðið að hafa upplýsingamiðstöðina í Bergi á Dalvík. Sérstakur starfsmaður var ráðinn í upplýsingamiðstöðina í þrjá mánuði. Skapað var smá pláss á bókasafninu. Laufey segir að lítill skilningur sé í bæjarfélaginu um mikilvægi ferðamanna í bænum. Hennar ósk er að þetta verði hluti af þjónustu bókasafnsins en það þarf að vera stöðugildi allt árið. Einnig þarf að vera sérhæfður starfsmaður sem sinnir þessari þjónustu. Þarf að vera lengri opnunartími með helgaropnun. Þá þyrfti líka að gera aukar kröfur til starfsmanna t.d. með bókanir í ferðir í huga.

Halldóra Jónsdóttir: Niðurstöður úttektar á nýjungum á rekstri bókasafnsins á Akranesi.

Akraneskaupstaður lét gera úttekt á menningarmálum bæjarins með sparnað í huga. Sveitarstjórnarmönnum fannst reksturinn á bókasafninu dýr, leigan var 40 milljónir og laun sama upphæð. Heildarkostnaður menningarmála á hvern íbúa á Akranesi hefur hækkað á tímabilinu 2008-2014. Björn Steinar Pálmason gerði úttektina sem var gefin út í janúar 2015. Samkvæmt skýrslunni er mest lagt í menningarmálin á landsvísu á Akureyri og í Hafnarfirði. Meðaltalið segir 23.000 pr. íbúa en Akranes er með 28.000 pr. íbúa. Skýrsluhöfundur lagði til að lagðar yrðu niður stöður allra forstöðumanna og ráðinn einn yfir öllum söfnunum. Á bókasafni Akraness eru 6,2 stöðugildi á safninu með skjalasafni. Í úttektinni leggur Björn til að safnið verði opið frá kl. 12 og kostnaður verði lækkaður um 4 milljónir. Halldóra tók fram að hún sjái ekki að þjónustustigið hafi verið tekið með í þessari skýrslu.

Umráeður urðu um skilningsleysi yfirvalda á því að stytta opnunartíma. Safnakynningar og leikskólaheimsóknir eru á morgnana.

Þóra Sigríður Ingólfssdóttir: Kynning á nýjungum á Hljóðbókasafni Íslands.

Þóra hristi upp í fundarmönnum og byrjaði á nokkrum teygjuæfingum. Hún er ánægð með að Hljóðbókasafnið sé ríkisstofnun en ekki háð duttlungum sveitarfélaga. Safnið starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012 og skv. undanþágu í höfundalögum sem varðar mannréttindi. Allt safnið er rafrænt, tómur salur. Um 8000 virkir lánþegar nýta sér safnið. Þóra sýndi skemmtilegt „dressman“ myndband sem vakti kátínu í salnum. Í dag lánar Hbs allt efni út rafrænt en einnig á diskum sem ekki er skilað tilbaka. Safnið nýtir sér Facebook sem er góð miðlunarleið til þess að ná til yngra fólksins. Meðal nýjunga er útlán með niðurrhali. Streymið hefur slegið í gegn. Þóra sýndi fundarmönnum hvernig nýja „appið“ þeirra virkar. Einnig sýndi hún vefvarp sem er með sérlausn fyrir aldraða blinda í samvinnu við Blindrafélagið. Mikið er um að stofnanir úti á landi hafi samband við safnið og panti fyrir fólk. Tækninni fleygir áfram og oft er erfitt að fylgjast með. Á Hljóðbókasafninu vilja starfsmenn ná betur til eldri lesblindra.

Á Hljóðbókasafninu þurfa lánþegar að skila vottorði til þess að nýta sér þjónustuna. Fólk þarf vottorð frá heimilslækni, kennara eða sérfræðingi. Fólk með greindarskerðingu, ADHD og fl. á rétt á að nota safnið. Hbs fer út á land og er með kynningar á söfnum og í skólum.

Kaffihlé

Bjarni Harðarson: Bókabæirnir austanfjalls.

Að verkefninu Bókabæirnir austanfjalls vinna þrjú sveitarfélög saman, Árborg, Ölfus og Hveragerði. Verkefnið snýst um að miðla gömlum bókum til fólksins og vera heimili fyrir munaðarlausar bækur. Bókabæir eru almennt með nokkrum fornbókabúðum, en hjá Bókabæjunum austanfjalls er aðeins ein. Bjarni telur ennþá vera markað fyrir gamlar bækur, segir að við eigum að vera bókaþjóð. Sunnlendingar eru með sterka menntahefð. Bókabæirnir eru með Konubókastofu, Skáldagötu og Bókakaffið. Undirbúningshópur heimsóttir bókabæi úti í heimi. Fyrsta verkefni Bókabæjanna austanfjalls var að setja bækur í strætisvagna. Bjarni segir að hægt sé að blanda bókasölu inn í fagverslun. Framundan er bókamarkaður í Hveragerði og barnabókahátíð í haust. Vilja tengingu inn í samfélagið og að fólk þið taki þátt.

Rannveig Anna Jónsdóttir: Konubókastofan á Eyrarbakka.

Í Konubókastofu eru verk sem íslenskar konur hafa skrifað á íslensku. Safnið lánar ekkert út. Fyrirmyndin kemur frá Englandi og bækur berast allstaðar að. Safnið var stofnað í apríl 2013. Sveitarfélagið Árborg leggur til húsnæðið. Anna getur tekið á móti minni hópum. Við safnið er hagsmunafélag til að styðja við reksturinn með árgjaldi og fylgjast með bókum. Hana langar til að

gera skrá um alla höfundana til að setja á heimasíðu konubókasafnsins. Stóri draumurinn er menningarmiðstöð um íslenskar konur, þar sem hægt er að fræðast. Konubókastofan er á Facebook. Titlar í dag eru um 2500. Vantar mest frá síðustu 15 árum. Nýjar bækur og barnabækur koma lítið inn. Á safninu er líka tekið við fræðibókum eftir konur. Á safninu er hægt að taka á móti 15-20 í hóp og möguleiki er á að veita upplýsingar um t.d. tiltekinn rithöfund. Safnið lifir á styrkjum og félagsgjöldum.

Ásdís Olsen: Meiri ánægja og árangur. Örnámskeið um Mindfulness.

Ásdís kennir grundvallaratriði til að finna hugarró. Við erum sjaldnast með okkur sjálfum á staðnum. Þurfum að upplifa á meðan það er að gerast. Þá þurfum við að æfa okkur í að vera hamingjusöm og það helst sem fyrst. Einfaldasta aðferðin til að finna núíð er að anda frá sér og fylla okkur aftur af lofti. Nokkrar æfingar og hagnýtar aðferðir voru gerðar með fundarmönnum. Ásdís heldur úti vefsíðunni **hamingjuhusid.is**.

Hádegishlé

Fundur settur klukkan 13:24. Fundarstjóri eftir hádegi var Sunna Njálsdóttir og fundarritari Jóhanna Hafliðadóttir fundarritari.

Barbara Guðnadóttir: Verkfæri fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu. Kynning á aðferðafræði MindLab.

Barbara kynntist þessari aðferð í námskeiði í HÍ og ætlar að segja frá því hvernig bókasafnið í Þorlákshöfn nýtti aðferðina í greiningu nýrra verkefna fyrir safnið. MindLab (<http://mind-lab.dk/>) er stofnun í eigu þriggja ráðuneyta í Danmörku. Það vinnu eftir ákveðinni aðferðafræði nýsköpunar til að leysa úr vanda í opinberri stjórnsýslu. Stofnunin byggir á þeirri hugsun að til að finna og vinna með nýjar lausnir og þá aðallega lausnir sem virka, þurfi vekrefnin að vera víðtæk samstarfsverkefni þar sem unnið er þvert á stofnanir, með félagasamtökum og með almenningi. Lausnirnar eru síðan sniðnar að þörfum notenda.

Á tímum þar sem stöðug krafa er um að opinberar stofnanir skeri niður í rekstri, telur Christian Bason, einn forsprakka MindLab, að eina leiðin til að skera niður án þess að slíkt bitni á þjónustu, sé að nota aðferðir nýsköpunar. Þannig sé jafnvel hægt að skera niður á sama tíma og hægt er að bæta þjónustu og auka ánægja borgaranna.

MindLab byggist á víðtæku samstarfi og samvinnu, langur tími er lagður í vandaða rannsóknarvinnu, þrúfur og sviðssetningar.

Process model – 7 áfangar:

1. scoping and project design, 2. learning about the users, 3. analysis, 4. ideas and concept development, 5. test of new concepts, 6. communications of results, 7. measuring.

Greining verkefnis, hönnun: Hverjir eru notendur, hvað er vandamálið? Upplýsingaleit, tala við alla sem gætu veitt upplýsingar um hvernig verkið er unnið. Einni ger hægt að útbúa „Vandamálatré“.

1. Fræðst um notendur. MindLab notar mikið þá aðferð að taka viðtöl – t.d. heima hjá notenda. Fylgst með notendum þar sem þeir nota þjónustuna og athuga hvað er að klikka. Horfa á og fylgjast með. Fá notendur til að skrifa dagbók.
2. Greining á vandanum. Skrásetja hvert skref sem notandi þarf að gera. Greina persónueinkenni þeirra sem lenda í vandanum. Finna prótótýpur.
3. Hugmynda- og hugtakapróun. Leitast við að finna lausnir, blandaður hugarflugshópur. Verkstjóri – margar hugmyndir á skömmum tíma. Þátttakendur tala um hugmyndirnar undir handleiðslu verkstjóra. Hvaða hugmyndir væri hægt að nýta með góðum árangri.
4. Prófa hugmyndirnar vel áður en þær eru settar út í veruleikann. Prótótýpa - búin til teiknimyndasaga. (Þáttur 2 til 5 endurtekinn að þörf.)
5. Miðla lausnum.
6. Mæla hvernig til hefur tekist.

Barbara segir frá hvernig aðferðin var nýtt á bókasafninu í Þorlákshöfn. Verkefnið var: Hvernig er hægt að bæta þjónustuna? Haldinn var starfsdagur – og aðferðafræði MindLab notuð. Þjuggu til prótótýpur sem þurftu að nota safnið. Hvað er það sem þær ráða ekki við. Búna til sögur um nokkrar týpur. Í kjölfarið var boðið upp á leshring fyrir börn. Gekk mjög vel einn vetur – en enginn kom næsta vetur. Næsta verkefni er fyrir nýbúana. Fá nýbúa til að koma og ræða við þá og finna út hvað má gera fyrir þá.

Marta Hildur Richter: Bókasafnið sem menningarmiðstöð

Marta átti 30 ára afmæli sem forstöðumaður bókasafns Mosfellsbæjar 1. maí og ætlar að hætta á næsta ári. Hún segir að sér hafi ekki leiðst einn dag í vinnunni á öllum þessum árum – og segir að ef svo gerist hjá einhverjum þurfi að bregðast við því strax. Hún nefnir að þróunin hafi verið ör, bókinni hafi verið spáð dauða, fyrsta tölvan hafi komið á bókasafnið árið 1989, en framtíðin sé **núna**.

Hún áréttar að við þurfum að íhuga hvert við viljum fara – þó að við lendum ekki endilega þar.

Bókasafnið í Mosfellsbæ er opinn geimur og hillurnar á hjólum svo auðvelt er að breyta safninu. Bókasafnið er menningarmiðja og hún segir að bókasafn og listasafn fari mjög vel saman. Aðsókn að safninu hefur aukist, þeir sem koma gagnert á sýningar kíkja á bókasafnið og bókasafnsnotendur líti á listviðburði. Þarna eru haldin málþing, félagsfundir, tónleikar og ýmsir aðrir viðburðir. Notkun safnsins er mikið breytt og safnið orðið nokkurs konar umferðarmiðstöð.

Hvernig gæti framtíðarhlutverk bókasafna orðið? Marta segir að bókasöfnin þurfi að taka að sér fleiri verkefni en að lána út bækur. Bókasafn Mosfellsbæjar tekur þátt í „Menningarvori“ og skipuleggur ýmsa aðra viðburði og íbúar eru duglegir að mæta. Safnið er multimediacenter eins og söfn annars staðar á Norðurlöndum.

Umræður: Heiðrún segir frá að á Bókasafni Árborgar hafi þær rekið augun í að eitthvert bókasafn úti í heimi leigi út kökuform. Svo það var ákveðið að prófa og nú eru leigð út form af ýmsum bókapersónum, einsog t.d. múmín, kóngulóarmanninum, Dóru landkönnuði o.fl.

Pálína Magnúsdóttir: Breytingar hjá Borgarbókasafni

Pálína kom frá Helsinki í gær, hún var þar á fundi forstöðumanna á höfuðborgarbókasöfnum og sagði stuttlega frá fundinum. Hún sagði frá breytingunum hjá Borgarbókasafni, að það sé nú skilgreint sem menningarmiðja í hverfum. Það eru sex söfn í borginni, 110 starfsmenn. Safnið er komið með nýtt merki (logo) og hvert safn fær merki í sínum lit. **Borgarbókasafnið, menningarhús, hverfið** t.d. Grófin. Og Árbær bað um að fá sitt merki í Fylkislit til að tengja betur við hverfið. Pálína sagði frá „Stefnu Borgarbókasafns 2015-2020“ en þar kemur m.a fram að Borgarbókasafn eigi að vera til fyrirmyndar og sækja fyrirmynd sína til fremstu bókasafna heimsins.

Umræður: Fyrirspurn úr sal um rafbækur. Pálína segist eiga fund með með Agli, fulltrúa bókaútgefenda, eftir helgi og getur lítið sagt fyrr en eftir þann fund. En einkum er horft á samningana sem gerðir voru í Noregi (tók 5 ár að ná þeim samningunum í gegn). Rafbókavæðingin yrði í samvinnu við Landskerfi bókasafna því þetta verður að vera samvinna á landsvísu.

Fyrirspurn kom um þjónustukönnun sveitarfélaga – en það er könnun sem er gerð fyrir þau sveitarfélög sem biðja um að taka þátt í henni. Pálína og hennar fólk rýnir alltaf vel í þessa könnun og nýtir sér niðurstöður.

Umræður um minnisþuktana frá Alta

Sunna stýrði umræðum og kynnti Altaskýrsluna. Marta talaði um hvað það væri mikilvægt að fá nærsamfélagið til að koma inn og nota safnið í allt mögulegt. Að bókasafnið sé staður þar sem fólk geti komið og fengið upplýsingar.

Dæmi frá Þorlákshöfn: Þar eru veittar upplýsingar fyrir sveitarfélagið og varðandi sameiningu sveitarfélaganna. Laufey á Dalvík spyr hvort ekki sé upplagt að kynna skipulagsbreytingar á bókasöfnunum. Í ljós kemur að það er gert á mjög fáum stöðum. En væri alveg hugmynd að ná þessu inn á söfnin í stað þess að hafa þetta lokað inni á skrifstofu.

Pálína á sér draum um að koma upp „debat“ á söfnum. Hafa umræðufundi um málefni sem ekki eru til umfjöllunum í fjölmiðlum. En vara sig á að bókasöfnin yrðu ekki „misnotuð“. Nauðsynlegt sé að gæta hlutleysis.

Spurt var hvort við ættum að leigja hverjum sem er aðstöðu. Á bókasafni Mosfellsbæjar geta t.d. stjórn mála flokkarnir fengið listasalinn lánaðan **utan** afgreiðslutíma.

Sunna lagði til að fela stjórninni að nýta plaggið (minnisþuktana frá Alta) og birta það á heimasíðu Samtakanna.

Aðrar umræður

- Hrönn spyr hvað hægt sé að gera til að lítil söfn geti haldið viðburði? Bent á að sækja um styrki. Finna samstarfsaðila, sem sækja um styrki, af því að samstarfsverkefni fá frekar styrki.
- Ákveðið að stjórnin setji upp nýja Facebooksíðu sem verði lokað og aðeins fyrir FÍNA umræður.
- Þóra stingur upp á að bjóða bæjarstjórnnum að halda kokteilboð á bókasafninu sínu (aðferð til að koma kjörnum fulltrúum á safnið).
- Hlíf hefur boðið fulltrúum í bæjarstjórn til að koma og lesa upp úr nýjum jólabókum.

Kaffihlé

Edda Björgvinsdóttir: Húmor og gleði í vinnunni (dauðans alvara).

Heiðrún Dóra Eyvindardóttir þakkar fyrir fundinn og slítur fundi klukkan 16.43.